

Nd.

127. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 40 13. júní 1937, um framlög ríkisins til endurbyggingar á sveitabýlum.

Flm.: Sveinbjörn Högnason.

Aftan við lögin bætist svo hljóðandi bráðabirgðaákvæði:

Þar til ákvæði 11. og 12. gr. laga nr. 87 frá 1933, um húsabótaskyldu landsdrottins koma til framkvæmda, er heimilt að veita ábúendum á jörðum, sem eru í einkaeign, styrk samkvæmt lögum þessum, enda á þá ríkissjóður endurgreiðslukröfu að sinum hluta stofnkostnaðar byggingarinnar samkv. 12. gr. laga nr. 87 1933.

Greinargerð.

Styrkur samkvæmt lögum frá síðasta þingi um endurbyggingar sveitabýla er bundinn því skilyrði, að jarðir þær, sem styrkur er veittur til endurbyggingar á, séu annað tveggja, í sjálfsábúð eða heimilt sé að byggja þær í erfðaábúð. Eru þessi skilyrði sjáanlega þannig ákveðin vegna þess, að talið hefir verið, að fyrir endurhýsingu á jörðum, sem eru í einkaeign, hafi verið séð með ákvæðum ábúðarlaganna, þar sem landsdrottinn er lögð á herðar skyldan til að hýsa jörð sína. Og er það vitanlega rétt sjónarmið, þegar til framkvæmda kemur. Hins hefir ekki verið tekið tillit til, að þessi skylda landsdrottins kemur ekki til framkvæmda fyrr en einhverntíma á árinu 1938.

Nú eru nokkrir leiguliðar, sem byggt hafa á þessu ári, vegna aðkallandi nauðsynjar, sem ekki varð frestað til næsta árs, og sumir þeirra hafa gert það í þeirri trú, að þeim myndi hægt að fá einhvern styrk til þess samkvæmt lögnum frá síðasta þingi um endurhýsingar sveitabýla. Eru þessir menn sérstaklega illa settir, ef ekki verður úr bætt, og vegna þess er frumvarp þetta fram borið.